

1974 að taka kröfu RLR til greina, og skal kærði sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 9. janúar 1985, kl. 17:00. Kærði er sakaður um brot, sem gætu varðað fangelsisrefsingu samkvæmt XVII., XXV. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldi eigi til fyrirstöðu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Sigmundur Heiðar Árnason, sæti gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 9. janúar 1985, kl. 17:00.

Fimmtudaginn 22. nóvember 1984.

Nr. 227/1984. **Ákærvaldið**

gegn

Jóhanni Davíð Richardssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 18. þ.m., er barst Hæstarétti næsta dag. Krefst hann þess, að úrskurðaður gæsluvarðhaldstími verði stytur. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Eins og sakarefni og atvikum máls þessa er háttað, þykja eigi efni til þess að raska niðurstöðu hins kærða úrskurðar um lengd gæsluvarðhaldstíma. Ber að staðfesta úrskurðinn.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 17. nóvember 1984.

Ár 1984, laugardaginn 17. nóvember, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Guðjóni St. Marteinssyni ftr. við undirritaða votta og þá kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik.

Laust eftir miðjan dag í gær, föstudag 16.11., var Jóhann Davíð Richardsson, f. 11.11. 1964, handtekinn á Keflavíkurflugvelli við komu hingað til lands frá Kaupmannahöfn.

Við leit á Jóhanni fundust 103.5 grömm af amfetamíni, 1.1 gramm af kókaini og 226 stykki af LSD (mikró). Fíkniefnin hafði Jóhann falið í holum skósólum.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu í gærdeg og fyrir dómi í dag kvaðst Jóhann hafa haldið utan til Kaupmannahafnar 10. 11. sl. og þaðan haldið með lest til Amsterdam. Jóhann kvaðst síðan á miðvikudeginum 14.11. hafa fest kaup á fíkniefnum þeim, er fundust á honum við komu til landsins í gærdeg. Jóhann kvaðst hafa keypt efnin af sér ókunnum aðilja, er Jóhann kvaðst hafa náð sambandi við á ónafngreindum skemmtistað í Amsterdam. Jóhann kvaðst hafa greitt 5.800 hollensk gyllini fyrir fíkniefnin. Jóhann kvaðst síðan á miðvikudagskvöldið hafa haldið með lest aftur til Kaupmannahafnar og haldið þaðan flugleiðis til Íslands 16.11.

Jóhann kvaðst alfarið hafa staðið einn að utanför sinni og fíkniefna-kaupum og engan aðilja hitt ytra, er hann þekkti.

Jóhann bar fyrir dómi í dag að hafa í júní í sumar er leið haldið í 6 vikna ferð um ýmis Evrópulönd ásamt nafngreindum kunningja sínum. Jóhann kvað engin fíkniefni hafa verið höfð um hönd í ferð þessari, en grunsemdir eru um, að svo hafi verið sbr. dómskjal nr. 1.

Jóhann kvaðst hafa fjármagnað báðar sínar utanferðir og fíkniefnakaup ytra með vinnutekjum sínum, en hann vann á bensínafgreiðslu á Húsavík, þangað til hann hætti þar fyrir u.þ.b. þremur vikum síðan.

Niðurstöður.

Verið er að rannsaka meint brot Jóhanns Davíðs Richardssonar á lögum nr. 65, 1974 og reglugerð nr. 390, 1974.

Gæti meint sök Jóhanns, ef sönnuð þætti, varðað hann fangelsisrefsingu, og eru því ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar ekki í vegi fyrir beitingu gæsluvarðhalds í þágu rannsóknar máls þessa.

Svo sem skjöl málsins bera með sér og rakið hefur verið, er Jóhann grundaður um frekari innflutning fíkniefna en hann hefur þegar viðurkennt. Eftir er að rannsaka mun ítarlegar fjármögnun utanferða Jóhanns á árinu og

fjármögnun fíkniefnakaupa hans, en hann keypti ytra óvenjulega sterk og hættuleg fíkniefni, m.a. 226 stykki af LSD.

Eftir er að yfirheyra Jóhann mun ítarlegar og hugsanleg vitni og/eða samseka.

Með vísan til alls framanritaðs og með vísan til framlagðra skjala og loks með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr.laga nr. 74, 1974 þykir rétt að verða við fram kominni kröfu um gæsluvarðhald yfir Jóhanni. Þykir gæsluvarðhaldstími hæfilega afmarkaður allt til mánudagsins 17. desember 1984, kl. 11.23 að telja.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Jóhann Davíð Richardsson, fæddur 11.11. 1964, til heimilis að Hagamel 37, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 11.23 mánudaginn 17. desember 1984 að telja.

Fimmtudaginn 22. nóvember 1984.

Nr. 221/1984. **Guðjón F. Teitsson**

gegn

Lífeyrisjóði starfsmanna ríkisins

Kærumál. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. þ.m., sem barst Hæstarétti sama dag. Hann krefst þess, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómarann að leggja efnisdóm á málið. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Fallast ber á með héraðsdómara, að málatilbúnaði sóknaraðilja sé svo áfátt, að staðfesta megi hinn kærða frávísunardóm.